



Ég heiti Damian Krawczuk og býð mig fram til setu í aðalstjórn HRFÍ og til vara í varastjórn félagsins.

Ég er 22 ára, vinn í gæludýraversluninni MY PET í Firðinum, Hafnarfirði og stunda fjarnám við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Ég á tvo Papillon hunda, báða innflutta frá Póllandi frá toppræktendum, einnig hef ég átt Pug hérna á Íslandi.

Ég ólst upp með hundum og hef umgengist hunda frá því að ég man eftir mér, fyrsti hundurinn minn var af tegundinni Schaffer, en við fjölskyldan fengum hann þegar ég var tveggja ára og þá bjó ég ennþá í Póllandi.

Undanfarin ár hef ég verið virkur í þeim viðburðum félagsins, sem ég get tekið þátt í. Ég er mjög virkur hvað varðar sýningar félagsins og er þar að sýna mína eigin hunda, auk hunda, af öllum stærðum og tegundum fyrir okkar íslenska ræktendur og félagsmenn.

**Hvað vil ég gera í starfi mínu sem stjórnarmaður HRFÍ:**

Eftirfarandi er það sem ég vil koma aftur af stað í félaginu og einnig bæta:

\*Kynningar og fræðslufundir um tannhirðu og klóaklippingar. Gott væri að fá vel menntaðan dýralækni til samstarfs með okkur. Þetta er eitthvað sem allir þurfa á að halda og mun nýtast nýjum félagsmönnum mjög vel, það mætti jafnvel útbúa bækling og láta fylgja ættbókum fyrir nýja hvölpakaupendur.

\*Taka umræðu um lausagöngu hunda og hundaskítsmálin. Þá umræðu þarf að taka reglulega.

\*Fræðsla og kynning fyrir almenning, kynna félagið okkar betur. Þess má geta að í tengslanetinu er ég með vini sem starfa á fjölmiðlum og því hæg heimatökin að kynna félagið og viðburði þess þar.

\*Kynna fyrir almenningi og félagsmönnum til hvers prófin eru, sýningar og hundafimi.

\*Fara með bæklinga eða kynningarblöð á dýraspítala/miðstöðvar, í gæludýraverslanir og snyrtistofur þar sem félagið er kynnt og viðburðir næsta árs. Það eru ekki allir sem skoða netið, heimasíðuna okkar og facebooksíðu.

\*Taka aftur upp heimsóknir í leikskóla. Í þær hefur verið farið áður með frábæra bæklinga.

\*Koma aftur með diskinn sem fylgdi ættbókunum fyrir hvölpakaupendur.

\*Vinna í innflutningsmálum.

\*Bæta samskipti við MAST.

\*Virkja þær deildir félagsins, sem ekki eru nógu virkar.

\*Það er auðvitað margt fleira sem þarf að bæta í félaginu og koma ákveðnum hlutum af stað. Suma þeirra er auðveldara að framkvæma en aðra, en það gerist ekkert ef að það er bara talað um hlutina.

Að lokum vil ég taka fram að ég mun gera allt sem ég get til að koma félaginu á framfæri og kynna það með stolti. Ég vona að ég tækifæri á að sitja í stjórn hundaræktarfélagsins og vinna að hagsmunamálum félagsins.